

Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 3. janúar 2025 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Eyrarkláfs ehf. vegna kláfs upp á Eyrarfjall, Ísafjarðarbæ samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 12.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðabæjar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Samgöngustofu, ISAVIA, Vinnueftirlitsins, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar um matsáætlun Eyrarkláfs ehf.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 7. janúar 2025 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 6. janúar til 4. febrúar 2025.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsáætlun. RORUM 2024-017. 20. nóvember 2024.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 10. febrúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 3. febrúar 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 3. febrúar 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 4. febrúar 2025
- ISAVIA dags. 27. janúar 2025
- Vegagerðinni dags. 23. janúar 2025
- Vinnueftirlitinu dags. 11. febrúar 2025
- Veðurstofu Íslands dags. 13. febrúar 2025
- Samgöngustofu dags. 20. febrúar 2025

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 28. apríl 2025.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Eyrarkláfs ehf. um kláf upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Eyrarkláfur ehf. áformar að setja upp kláf með 300 m² byrjunarstöð í þéttbýlinu á Ísafirði neðan Eyrarfjalls, með einu millimastri á Gleiðarhjalla sem er í um 390 m h.y.s. og 2-300 m² endastöð uppi á fjallinu. Í tengslum við endastöðina er fyrirhugað að reisa um 7-800 m² móttökusal og



veitingastað. Gert er ráð fyrir uppsetningu tveggja kláfa sem munu ganga hvor á móti öðrum og að þeir geti annað um 500 manns á klst þar sem í hverri ferð komist um 45 manns fyrir í kláfnum. Gert er ráð fyrir að kláfurinn sé 3 m breiður, 5 m langur og 3 m. Lengd á kláfavírnum er 750 m frá byrjunarstöð að Gleiðarhjalla og 710 m frá Gleiðarhjalla upp á Eyrarfjall og verður hæsta hæð vírsins um 30 m. Framkvæmdin felst jafnframt í gerð bílastæða fyrir 20 bíla og 2 rútur og 100 m löngum aðkomuveg að byrjunarstöð kláfsins.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Eyrarkláfs ehf.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun Eyrarkláfs ehf. kemur fram að ekki sé vitað um aðrar gerðir af kláfum sem hefðu minni umhverfisáhrif. Í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir mögulegum útfærslum á kláfnum hvað varði stærð, þ.e. hversu marga farþega hann geti tekið.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeim möguleikum sem skoðaðir hafa verið við val á staðsetningu kláfsins, leið upp á fjallið og gerð kláfs og ástæðu þess að það staðarval, leið kláfsins og gerð hafi verið valin sem kynnt er í matsáætlun.

Landslag og ásynd

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin muni hafa í för með sér breytingu á ásynd með tilkomu kláfsins. Í umhverfismatsskýrslu verði myndir af nágrenni kláfsins á Eyrarfjalli og svipuðum mannvirkjum annarsstaðar sem ætti að gefa góða mynd af útliti mannvirkisins. Kláfurinn verði teiknaður inn á mynd og kort og gerðar verði þrívíddarmyndir af einstökum einingum og fjallað um sjónræn áhrif.

Í umsögnum Ísafjarðarbæjar og Náttúrufræðistofnunar kemur fram að gera þurfi vel grein fyrir áhrifum kláfsins á ásynd svæðisins og sýna þrívíddarmyndir eða sjónræn líkön þar sem áhrif kláfsins sjást frá mismunandi sjónarhornum í nærliggjandi byggð. Auk þess þurfi að gera grein fyrir áhrifum vegna ljósmengunar. Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á óbyggð víðerni á Eyrarfjalli og nágrenni og umfangi skerðingar á þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg greining á sjónrænum áhrifum og áhrifum framkvæmdarinnar á landslag og ásynd m.a. með



þrívíddarteikningum frá mismunandi sjónarhornum auk þess sem fjallað verði um áhrif vegna ljósmengunar. Einnig kemur fram að fjallað verði um áhrif á óbyggð víðerni á Eyrarfjalli.

Um er að ræða framkvæmdir að langmestu leyti á óröskuðu svæði í hlíðum Eyrarfjalls og uppi á fjallinu í mikilli nálægð við þéttbýlið á Ísafirði sem eru án fordæma hérlandis, þ.e. fyrirhugaður kláfur og byggingar á toppi fjallsins. Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að mat feli í sér að birtar verði ljósmyndir frá tilteknum sjónarhornum sem sýni núverandi aðstæður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og síðan verði fyrirhugaðar framkvæmdir færðar inn á ljósmyndirnar til að freista þess að sýna ásýndarbreytingar með tilkomu framkvæmdanna. Stofnunin hefur ekki góða reynslu af svokölluðum tölvugerðum þrívíddarmyndum. Sýna þarf á korti staðsetningu mismunandi myndatökustaða og koma þarf fram rökstuðningur fyrir vali þeirra. Skipulagsstofnun telur að einkum byggingar á toppi Eyrarfjalls kunni að hafa áhrif á óbyggð víðerni og tekur undir með Náttúrufræðistofnun um að í umhverfismatsskýrslu þurfi að fjalla um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á óbyggð víðerni m.a. skerðingu þeirra og er mikilvægt við þessa greiningu og mat að styðjast við fyrirliggjandi gögn. Í því sambandi bendir Skipulagsstofnun á skýrslu um Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísi sem kom út í október árið 2021¹, skýrslur Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði frá 2017² og 2020³, auk þess sem á map.is er að finna kort sem sýnir víðerni unnið af Wildland Research Institute, WRI, við háskólann í Leeds í Englandi.

Náttúruvá

Í matsáætlun kemur fram að kláfur auki ekki snjóflóðahættu en að gögn um snjóflóðahættusvæði verði fengin hjá Veðurstofunni en ekki verði gerðar neinar sérstakar athuganir. Í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um snjóflóðahættu. Í matsáætlun kemur fram að ekki verði gerðar sérstakar athuganir á jarðlögum m.t.t. hættu á grjóthruni.

Í umsögn Veðurstofu Íslands kemur fram að við hönnun kláfsins þurfi að hafa í huga að hann þoli ástreymisþrýsting hönnunarflóðs líkt og fram komi í reglugerð um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum. Veðurstofan bendir einnig á að kláfurinn opni aðgengi að skíðaleiðum þar sem hætta sé á að skíðafólk setji af stað snjóflóð og að fram komi í ofangreindri reglugerð að rekstraraðili þurfi að gera áætlun um daglegt eftirlit og tímabundnar öryggisaðgerðir. Ef reka eigi kláfinn að vetri til fyrir skíðafólk þurfi því að liggja fyrir áætlun um hvernig snjóflóðahætta verði metin á þessum skíðaleiðum og um viðbúnað vegna hættunnar. Jafnframt kemur fram í umsögn Veðurstofunnar að við framkvæmdir upp á Gleiðarhjalla geti orðið hrun niður hlíðina. Huga þurfi að þessari hættu bæði fyrir byggðina en einnig vegna umferðar fólks í hlíðinni. Auk þess er bent á að huga þurfi að því hvernig brugðist verði við ef bilun verði í kláfnum og koma þurfi fólki niður af fjallinu án hans.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir leiðbeiningum Veðurstofunnar við hönnun kláfsins og að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir því að kláfurinn opni ekki aðgengi að nýjum skíðaleiðum. Auk þess verði fjallað um hugsanlegt grjóthrun vegna framkvæmdanna og hvernig verði brugðist við ef bilun verði í kláfnum og koma þurfi fólki niður af fjallinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að kanna þurfi urðarbing upp á Gleiðarhjalla og hvort í honum sé sífreri eða mögulegar hreyfingar á jarðefnum. Einnig sé mikilvægt að kanna brún Eyrarfjalls, ofan Gleiðarhjalla, með tilliti til hættu á grjóthruni.

¹ ostmanetal2021_wildernessiceland.pdf (hi.is)

² https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf

³ OstmanArnason2020_KortlagningViderna_WEB.pdf (landsskipulag.is)



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um sífrera á því svæði sem Náttúrufræðistofnun bendir á og mögulega hreyfingu jarðefna auk þess sem fjallað verði um hættu á grjóthruni úr brún Eyrarfjalls

Skipulagsstofnun tekur undir með Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun um að kanna þurfi vel jarðlög svæðisins og hættu á grjóthruni og leggja fram niðurstöður í umhverfismatsskýrslu.

Hljóðvist

Í matsáætlun kemur fram að kláfurinn verði mjög hljóðlátur og vélbúnaður sem knýr kláfinn verði neðanjarðar í kjallara lyftuhússins. Fram kemur að hávaði verði vegna vinnuvéla við uppsetningu kláfsins við byrjunarstöð en áætlað sé að efnisflutningar upp á Eyrarfjall verði framkvæmdir með vinnulyftu og þyrlu og mun þeim framkvæmdum fylgja hávaði. Í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum kláfsins á hljóðvist.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að leggja mætti fram frekari gögn frá framleiðanda um hljóðvist kláfsins til að tryggja að áhrif á nærliggjandi svæði séu rétt metin.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði lögð fram gögn sem sýni hversu hljóðlátur kláfurinn sé.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við mat á áhrifum á hljóðvist, eins og þeim er lýst í matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögn Ísafjarðarbæjar.

Gróður og fuglalíf

Í matsáætlun kemur fram að á svæðinu ofan byrjunarstöðvar kláfsins séu hlíðarnar nokkuð grasi grónar upp að klettum Gleiðarhjalla og þær 17 vistgerðir sem finnast á framkvæmdasvæðinu séu allar með lágt eða miðlungs verndargildi. Áhersla verði lögð á að halda öllu raski í lágmarki og græða svæðið upp eftir að framkvæmdum ljúki. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á rannsóknum á gróðurfari en við umfjöllun og mat í umhverfisskýrslu verði stuðst við rannsóknarskýrslu sem lýsi gróðurfari svæðisins vel.

Í matsáætlun kemur fram að innan og í nágrenni framkvæmdasvæðisins hafi sést samtals 8 tegundir fugla og hafi 6 af þessum tegundum verið með varp á svæðinu en engin af þeim séu á valista samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands. Fram kemur að framkvæmdin muni koma til með að hafa tímabundin áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum standi. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fugla mun byggja á þeim fyrirbyggjandi gögnum sem fram koma í matsáætlun sem framkvæmdaraðili telur fullnægjandi og niðurstöður settar fram í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að við mat á áhrifum á gróður og fuglalíf verði byggt á þeim fyrirbyggjandi gögnum sem koma fram í matsáætlun.

Vatnafar

Í matsáætlun kemur fram að áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda sé utan vatnsverndarsvæða en hætta geti verið á mengun grunn- og yfirborðsvatns á framkvæmda- og rekstrartíma. Olíuslys geti átt sér stað vegna leka frá vinnuvélum á framkvæmdatíma og frá vír kláfsins á rekstrartíma. Lagt er til verklag sem lágmarkar megnun ef til óhapps kæmi og felur það m.a. í sér að magn olíu verði takmarkað á svæðinu, á bílastæðinu verði útbúin sérstök aðstaða fyrir áfyllingu olíu og að daglegt eftirlit verði með olíuleka frá vinnuvélum og tækjum. Framkvæmdaraðili hyggst ekki gera frekari rannsóknir á vatnafari en nánar verði fjallað um áhrif á vatnafar í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að í matsáætlun er engin umfjöllun um vatnshlot og bendir á að í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á grunnvatns- og yfirborðsvatnshlot á svæðinu og tilgreina þau vatnshlot sem eru innan framkvæmdasvæðisins. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi mats á skilgreind vatnshlot sem kunna að verða fyrir



neikvæðum áhrifum og að í umhverfismatsskýrslu verði birt niðurstaða mats á umhverfismarkmið vatnshlotanna. Í umhverfismatsskýrslu þarf að leggja fyrir áhrifamat sem tekur til vistfræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra gæðabátta umræddra vatnshlota. Í því sambandi er bent á nýútgefnar leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot⁴.

Samfélag

Í matsáætlun er engin umfjöllun um umferð en í umsögn Vegagerðarinnar er óskað eftir ítarlegri upplýsingum um tilhögun flutninga, t.a.m. flutningsleið, fjölda ferða, dreifingu yfir tímabil og hvaða aðgerðir séu áformaðar til að takmarka truflun og skerða öryggi annarrar umferðar. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um aðra umferð í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á framkvæmda- og rekstrartíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði gerð nákvæm grein fyrir hugsanlegum þungaflutningum og fjallað um veglagningu að kláfnum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni að í umhverfismatsskýrslu þurfi að fjalla um aukna umferð á rekstrartíma kláfsins auk þess að fjalla þurfi um umferð á framkvæmdatíma.

Í matsáætlun er engin umfjöllun um nærsamfélag. Skipulagsstofnun telur að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir og leggja mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á samfélag, m.a. á starfsemi Gróanda sem er á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin telur mikilvægt að framkvæmdaraðili kynni fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir íbúum og að gerð verði grein fyrir áformum þess efnis í umhverfismatsskýrslu.

Flugöryggi

Í matsáætlun kemur fram að kláfurinn ætti ekki að hafa áhrif á blindaðflug að Ísafjarðarflugvelli en geti hins vegar haft áhrif á sjónaðflug og sjónbrotttflug til og frá flugvelli. Við því verður brugðist með hindranalýsingu á mannvirki sem reist verða vegna framkvæmdarinnar. Samráð verði haft við Isavia og Samgöngustofu á hönnunartíma.

Í umsögn Isavia kemur fram að það þurfi einnig að hanna sjónflugsleiðarkort fyrir flugmenn þar sem kláfurinn sé tilgreindur auk þess sem minnt er á hindranalýsingu á framkvæmdatíma á krönum og öðrum tækjum sem kunnu að vera notuð til verksins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði tekið fram að hanna þurfi sjónflugsleiðakort fyrir flugmenn þar sem kláfurinn verður tilgreindur. Í umhverfismatsskýrslu verður tekið fram að það þurfi að hindranalýsa kláfinn samkvæmt kröfum ICAO í samráði við Isavia og Samgöngustofu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða umfjöllun framkvæmdaraðila um aðgerðir til að koma í veg fyrir að framkvæmdir hafi ekki áhrif á flugöryggi.

Reykjavík, 15. maí 2025

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

⁴ <https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>

